

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Valdímar ritstjóri Ásmundsson greiði 30 kr. sekt til landssjóðs eða sæti 6 daga einföldu fangelsi, ef sektin eigi öll er greidd innan ákveðins tíma. Framantalin meiddandi ummæli um áfrýjanda Sigurð Thoroddsen eiga að vera dauð og ómerk. Um málskostnað í héraði skal bæjarþingsdómurinn vera óraskaður. Stefndi greiði og sækjanda málskostnað fyrir yfirdómi að upphæð 15 kr.

Dóminum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 29. aprílmánaðar.

Nr. 14/1901:

Réttvisin

gegn

Erlendi Jónssyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Rangárvallasýslu, uppkveðnum 7. sept. f. ár, var hinn ákærði Erlendur Jónsson, bóndi á Giljum, dæmdur fyrir skjalafals samkvæmt 270. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 4 sinnum 5 daga fangelsi við vatn og brauð, og til að greiða allan kostnað sakamálsins gegn honum. Þessum dómi hefir verið skotið til yfirdómsins bæði eftir ósk hins ákærða og af hálfu réttvisinnar.

Það er löglega sannað með eigin játningu

hins ákærða, sem kemur heim við aðrar skýrslur, er fengnar hafa verið í málinu, að hann hafi öndverðlega í októbermánuði 1898, er hann var á ferð út á Eyrarbakka og gisti á Grímsfjósum í Stokkseyrarhverfi, skrifaði þar skirteini undir nafni Árna Guðmundssonar á Þverá, þess efnis, að Árni biður kaupmann P. Nielsen á Eyrarbakka að lána sér út úr reikingi sínum 11 kr. til Erlendar Jónssonar í Hallgeirsey, en þar virðist ákærði þá hafa átt heima. Skirteini þetta, sem ákærði dagsetti 2. okt. 1898, sýndi hann samdægurs í verzlun þeirri á Eyrarbakka, er P. Nielsen veitir forstöðu, og tók vörur út á það. Ákærði kveðst hafa átt 10 kr. í peningum hjá Árna Guðmundsyni á Þverá, og hafi hann bedið hann um innskrift fyrir þeim til nefndrar verzlunar á Eyrarbakka og hafi Árni tekið vel undir það og viljað láta hann fá innskriftina, þó að ekki yrði af því í það sinn. Árni hefir og kannast við það, að ákærði hafi bedið sig um innskrift fyrir 11 kr. til Lefolii verzlunar, en það hafi farist fyrir að gefa hana, af því að Árni hélt að hann myndi ekkert fá út í reikning sinn. Hins vegar sést það eigi af skýrslu Árna, hvort hann hefir skuldað ákærða áminstar 10 kr. Ákærði hefir skýrt svo frá, að hann hafi á þessari ferð sinni út á Eyrarbakka hitt Guðmund, föður Arna, og bedið hann að skila til Árna, að hann, ákærði, bæði Árna að misvirða eigi við sig, þótt hann tæki í reikning hans svo sem 10 eða 11 kr., en þessi skilaboð tjáist Árni eigi hafa fengið, og hefur skýrt svo frá, að faðir

sinn muni eigi eftir, að hann hafi átt að bera þau, þó að hann fortaki það ekki, að það kunni að vera rétt, með því að hann sé orðinn minnissljór mjög af elli; en viðurkent er það, að ákærði hitti Guðmund þenna um nefnt leyti. Þó að álíta megi samkvæmt þessum skýrslum, að ákærði hafi haft ástæðu til að ætla, að hann myndi hafa getað fengið ávísun hjá Arna fyrir umræddri vöruúttekt; þá var það þó heimildarlaust, er hann sjálfur ritaði slíka ávísun undir nafni hans, og hefir hann með þessu atferli sínu gjörst sekur í skjálafölsun.

Þegar ákærði í sama sinn gisti á Grímsfjós-um, var honum þar samnáttu Markús nokkur Einarsson; þessi Markús bað ákærða að skrifa fyrir sig úttektarskírteini undir nafni Hallberu Jónsdóttur á Skækli til Eyrarbakka-verzlunar; var ákærði mjög tregur til þess, en lét þó tilleiðast fyrir þrábeiðni Markúsar, sem sagði að það væri allveg óhætt, og að hann hefði fengið leyfi Hallberu til að skrifa »bevisið« sjálfur; skrifaði ákærði þá skírteinið, þess efnis, að »undirskrifuð biður kaupmann P. Nielsen á Eyrarbakka að hjálpa sér um 2 kr. til Markúsar Einarssonar«, og skrifaði ákærði dagsetninguna: »Skækli, 4. október 1898« og nafnið »Hallbera Jónsdóttir« undir það. Skírteini þetta tók svo Markús og notfærði sér það við verzlunina á Eyrarbakka. Það er að vísu upplýst í málinu, að Markús Einarsson hafði eigi leyfi Hallberu til að rita téð úttektarskírteini eða láta rita undir hennar nafni, en þar sem framburði ákærða um, að hann hafi trúað sögusögn Markúsar í

Þessu tilliti, er eigi hnekt, verður hann eigi dæmdur fyrir skjalafals, að því þetta atriði málsins snertir.

Tilverknaður ákærða, er fyr hefir verið lýst, er sagnæmur eftir 270. gr. alm. hegningarlaga, og þykir refsingin fyrir hann hæfilega ákveðin fyrir ákærða, sem kominn er yfir lögdalur sakamanna og eigi hefir áður sætt dómi eða refsingu fyrir neinn glæp, samkvæmt hinni fyrnefndu grein hegningarlaganna, 2. málslið, 4×5 daga fangelsi við vatn og braud. Með því að yfirdómurinn felst einnig á málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins, ber þannig að staðfesta hann. Ákærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, sem ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Það athugast, að málið er fremur linlega prófað í héraði og rannsóknin óglögg, og lengur hefir staðið á málinu frá því próf hófust í því og þangað til það kom fyrir yfirdóminn en þörf hefir verið á, en þó þykir eigi ástæða til að víta meðferð þess í héraði frekar. Það vottast, að málsfærslan við yfirdóminn hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Akærði Erlendur Jónsson greiði og áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málfutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málsfærlumannanna

Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar,
10 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullægja með aðför að
lögum.

Nr. 15/1901:

Hið opinbera
gegn

Gísla Eyólfssyni.

D ó m u r:

Mál þetta var höfðað fyrir lögreglurétti Reykjavíkurkaupstaðar gegn hinum kærða Gísla Eyólfssyni fyrir ólöglega tómthúsmensku í kaupstaðnum, og var það dæmt af lögregluréttinum 20. febr. þ. á., á þá leið, að kærði skyldi greiða 15 kr. sekt, sem að helmingi rennur í fátækrafsjóð Reykjavíkur, en að helmingi til fátækranefndarinnar þar; svo var hann og dæmdur til að greiða allan kostnað málsins. Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins eftir beiðni hins kærða.

Eftir skýrslu hins kærða sjálfs var hann bóndi á Kjaransstöðum á Akranesi yfirstandandi fardagaár, en í byrjun febrúarmánaðar þ. ár flutti hann til Reykjavíkur með konu sína og 3 börn, og leigði sér hér húsnæði til 14. maímánaðar næstkomandi. Hann flutti og hingað með sér eina kú, og á enga búslóð eftir á Kjaransstöðum nema 2 hross; ekkert fólk var heldur þar eftir á hans vegum. Eftir þessu verður að líta svo á, að kærði hafi hætt búskap á Kjaransstöðum, og að